

Hvað er dymbilvika?

Síðasta vikan fyrir páska hefur í tímans rás gengið undir ýmsum nöfnum. Þar á meðal: dymbildagar, dymbildagavika, dymbildægur, dymbilvika, efsta vika, helga vika, helgu dagar, kyrravika, pínungarvika og páskavika. Orðið dymbildagar finnst í rituðu máli frá því laust eftir 1300, en getur að sjálfsgöðu verið mun eldra. Merkilegt er, að það kemur ekki fyrir í gömlum íslenskum lögbókum 12. og 13. aldar. Gæti það bent til að þetta hafi í upphafi verið alþýðuorð sem ekki komst í opinber skjöl fyrr en tiltölulega seint.

Hvað þýðir dymbilvika?

Úr vöndu er að ráða þegar leita á skýringa á þessari nafngift, dymbilviku. Sennilegast er talið að hún sé dregin af einhverju áhaldi, sem kallað var dymbill og notað í kaþólskum sið við guðsþjónustur, undir lok sjöviknaföstu, enda finnast hlutir með þessu heiti í upptalningu kirkjugripa í máldögum. Þessi dymbil-orð þekkjast einnig í gömlum norskum og sænskum textum, og í hjaltlensku, en eiga sér enga einhlíta hliðstæðu í öðrum málum. Í umræddri viku deyfðu menn öll ljós og hringdu ekki klukkum.

Hvað merkir dymbill?

Eftirfarandi tilgátur hafa komið fram um hvað þetta var:

- » Klukkukólfur, vafinn tuskum í því skyni að dempa hljóminn.
- » Trékólfur, settur í kirkjukluku, í stað málmkólfs (sbr. framannefnt).
- » Barefli til að lemja kirkjuklukkurnar utan.
- » Ljósastjaki, er stóð á kirkjugólfi og var notaður í stað ljósa hjálms.
- » Áhald til að slökkva á kertum (sbr. þýska orðið Dämpfung).
- » Handskella: Handskella úr tré, notuð í stað málm-bjöllu við guðsþjónustur á umræddum dögum.
- » Hljóðdeyfir: Við þetta má svo bæta, að Halldór Laxness taldi dymbil vera hljóðdeyfi á strengjahljóðfæri.



Aðrar skýringar

Jón Grunnvikingur (1705-1779) ritar orðið dymbildægur, og skýrir það á eftirfarandi hátt: „Nætur og dagar, þegar hlé er á hávaða.“ Eða m.ö.o. þegar dynur bilar. Og hann bætir við, að það sé einnig notað í almennu tali um óróatíma, myrka, og að nokkru skelfilega.

Þá segir Ásgeir Blöndal Magnússon í *Orðsifjabók* sinni (1989), að orðið dymbill sé oftast talið skylt dumbur (þögull, mállaus, hljóðdaufur), en gæti eins verið í ætt við demba og dumpa, og eiginleg merking þá slagkólfur.

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur, sem ritar um þetta langt mál í *Sögu daganna* (1993), fullyrðir, að þrjár fyrstnefndu hugmyndirnar megi afskrifa snarlega. Orðrétt segir hann: „Að vísu hefði ekki verið eins illframkvæmanlegt að vefja kólfinn og skipta um kólf, en báðar þessar tilgátur eru út í hött þegar af þeirri ástæðu að klukkurnar áttu að steinþegja á þessum dögum. Sama er að segja um þá aðferð að berja klukkur utan eins og alþekkt er til dæmis á Gotlandi. Slíkt var víða gert við jarðarfari, en ekki í dymbilviku, alltjént ekki á miðöldum. Auk þess er ekki vitað að neitt sérstakt áhald sé notað til þess arna, heldur venjuleg barefli úr tré eða hnöttóttir steinar sem tuskum var stundum vafið um til að deyfa hljóðið.“ En hvað var þá dymbill? Áfram segir Árni Björnsson: „Hvort sem orðið dymbill er hljóðlíking við latneska orðið tinnibulum eða skylt orðinu dumbur, verður að teljast líklegast að það eigi upphaflega við trétól þau sem notuð voru í staðinn fyrir klukkur og málmbjöllur á sorgardögum kirkjunnar vegna píslarsögu Jesú Krists.

Hin hljómrænu umskipti í guðspjónustunni á þessum dögum þykja ætíð mjög áhrifamikil og eftirminnileg og hefðu hæglega getað gefið dögnum alþýðlegt nafn. Eflaust hefur einnig þótt eftirminnilegt í guðspjónustunni á dymbildögum þegar slökkt var á stórum kertastjökum með sérstakri viðhöfn. Við siðaskiptin hurfu tréskellurnar vitaskuld með öllu, en ljósastjaka-arnir hljóta að hafa verið nýttir eftir sem áður, hvort sem haldið var áfram að slökkva á þeim eftir gömlum kúnstarinnar reglum eður ei. Það er því engan veginn útilokað að nafnið dymbill hafi færst af tréskellum yfir á ljósastjaka.“

Sigurður Ægisson